Upplýsingaskjal fyrir virkjunarhugmyndirnar

Brekknaheiði og Sauðanesháls

wpd Ísland ehf.
Bæjarhraun 22, 220
Hafnarfjörður
Ísland

02.11.2026

Samantekt

Þróun vindorkuverkefnanna við Sauðanesháls og Brekknaheiði hófst árið 2019 en wpd tók við verkefnunum í júlí 2022. Umfang verkefnanna hefur breyst töluvert síðan þá. Í þessu upplýsingaskjali eru dregnar saman helstu upplýsingar um þær ólíku sviðsmyndir sem nú eru til skoðunar, auk mögulegrar nýtingar þeirrar orku sem framleidd yrði.

Fyrirhugaðar vindorkuvirkjanir við Sauðanesháls og Brekknaheiði tengjast uppbyggingu hafnarsvæðisins í Finnafirði. Gert er ráð fyrir að orkan sem framleidd yrði gæti nýst í tengslum við þá iðnaðaruppbyggingu sem þar á sér stað. Helstu mögulegu notendur orkunnar eru framleiðendur endurnýjanlegs eldsneytis fyrir skipaflutninga og mögulega einnig fyrir flugiðnað. Fyrirhugaðar virkjanir bjóða upp á þann möguleika að koma fyrir rafhlöðugeymslu (e. Battery Energy Storage System (BESS)). Í tilkynningu Landsnets þann 06.11.2025[1] segir að Landsnet hyggist leggja háspennulínu til Finnafjarðarsvæðisins sem verður til þess að hægt yrði að skipta yfir á orku frá flutningskerfi Landsnets þegar framleiðsla vindorkuversins annar ekki eftirspurn.

Uppbyggingin á hafnarsvæðinu í Finnafirði mun kalla á aukna orkuframleiðslu. Þar sem sambærileg tækifæri til nýtingar jarðvarma eða vatnsafls liggja ekki fyrir á svæðinu er vindorka einn þeirra kosta sem til skoðunar eru til að mæta aukinni orkuþörf og styðja við framleiðslu endurnýjanlegrar orku í nágrenni Finnafjarðar.

Endanleg stærð fyrirhugaðra virkjana liggur ekki fyrir þar sem endanleg stærð er háð umhverfismati en vinna við umhverfismat tekur að lágmarki tvö ár. Þar að auki þurfa verkefnin að vera sett í nýtingarflokk af rammaáætlun og þá þurfa önnur tilskilin leyfi að liggja fyrir frá leyfisveitingaraðilum og sveitarfélaginu Langanesbyggð. Miðað við núverandi tímaáætlun gæti ákvörðun um að hefja framkvæmdir legið fyrir í fyrsta lagi árið 2031 og fyrsti fasi orkuframleiðslu hafist árið 2033.

Virkjunarhugmyndirnar Brekknaheiði og Sauðanesháls er skilað inn til rammaáætlunar í stærstu mögulegri mynd til þess að hafa möguleika á að aðlaga þær seinna meir. Fyrirhugaðar virkjanir yrðu reistar og gangsettar í áföngum eftir ólíkum sviðsmyndum í samræmi við orkuþörf svæðisins, sem nánar verður fjallað um í upplýsingaskjali þessu.

[1] https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2025/11/06/Hoggvid-a-raforkuhnutinn-a-Nordausturlandi/

Samkvæmt lögum mun verkefnastjórn rammaáætlunar horfa sérstaklega til þess hvort sveitarfélagið hafi lýst yfir formlegri afstöðu til virkjunarhugmyndanna og hvaða sjónarmið liggi til grundvallar, til dæmis varðandi skipulagsáætlanir sveitarfélagsins, stefnu þess um landnotkun, eða einfaldlega afstöðu íbúa. Formleg afstaða sveitarfélagsins takmarkast jafnframt ekki við einfalt samþykki eða synjun virkjunarhugmyndanna, heldur getur hún einnig falið í sér lýsingu á ásættanlegu umfangi virkjunarhugmyndanna áður en önnur þeirra, eða báðar, eru settar í nýtingarflokk. Verkefnastjórn rammaáætlunar tekur slíka afstöðu til skoðunar við mat sitt á virkjunarhugmyndunum. Þar til viðbótar getur sveitarfélagið komið sínum sjónarmiðum að við lögbundið samráðsferli á vegum verkefnastjórnar rammaáætlunar.

Í þessu upplýsingaskjali eru gefnar nánari upplýsingar til íbúa Langanesbyggðar til að draga saman mismunandi þætti verkefnanna. Eftirfarandi umfjöllun sýnir þær ólíku sviðsmyndir sem koma til greina á þessu stigi þróunar:

Sviðsmynd A: Virkjunarhugmyndirnar Brekknaheiði og Sauðanesháls í fullri nýtingu.

- 74 vindtúrbínur
- 210 metra heildarhæð
- Staðsettar á lóðunum Sóleyjarvellir, Hraunkot, Hóll og Staðarsel

Sviðsmynd B: Virkjunarhugmyndin Sauðanesháls hefur verið dregin saman en Brekknaheiði helst óbreytt, minnkuð nýtni.

- 56 vindtúrbínur
- 150 metra heildarhæð
- Staðsettar á lóðunum Sóleyjarvellir og Hraunkot

Sviðsmynd C: Virkjunarhugmyndin Brekknaheiði hefur verið dregin saman. Miðlungs nýtni.

- 24 vindtúrbínur
- 180 metra heildarhæð
- Staðsettar á lóðinni Sóleyjarvellir
- Mögulegt fyrir fyrsta fjárfestingaráfanga í tengslum við upphaflega orkunotkun í Finnafirði

Til að setja umfang sviðsmyndanna í samhengi má nefna að sviðsmynd C gæti framleitt nægilega mikla orku til að þjónusta tvö ný skip Eimskips sem voru pöntuð árið 2025. Skipin munu styðja við væntanleg orkuskipti, þar sem stigin eru mikilvæg skref í hönnun og smíði til að undirbúa þau fyrir aðra orkugjafa,

metanól eða LNG[2]. Umfang sviðsmyndar C gæti þannig skapað möguleika á að framleiða nægilega mikla orku til að styðja við upphaflega orkunýtingu í Finnafirði, meðal annars í tengslum við orkuskipti í sjávarútvegi og flutningum.

Einnig verður fjallað um fjárhagslegan ávinning sveitarfélagsins en settar eru fram þær tekjur sem sveitarfélagið getur átt von á að fá. Nú liggur fyrir landleigusamningur vegna jarða Jarðarsjóðs Langanesbyggðar, Sóleyjarvalla og Staðarsels, auk fasteignagjalda sem byggja á stærð vindorkuversins. Frekari fjárhagslegur ávinningur fyrir samfélagið mun ráðast af lögum sem nú eru til umræðu á Alþingi.

Inngangur

Í eftirfarandi upplýsingaskjali er fjallað um virkjunarhugmyndirnar Sauðanesháls og Brekknaheiði, sem hafa verið skilgreindar í rammaáætlun. Settar eru fram þrjár sviðsmyndir sem sýna mögulegt umfang verkefnanna. Endanleg hönnun virkjunarhugmyndanna mun líklega falla innan þess ramma sem sviðsmyndirnar gefa til kynna. Hönnun virkjunarhugmyndanna hefur tekið talsverðum breytingum á undanförnum árum og landsvæði þeirra hefur dregist saman frá upphaflegum áformum sem sett voru fram árið 2019. Sú hönnun sem hér er kynnt miðast við fyrirliggjandi gögn en gera má ráð fyrir að hún taki frekari breytingum, meðal annars með hliðsjón af niðurstöðum umhverfismats og frekari vindmælingum.

Þróun vindorkuvirkjana á Íslandi er langt og ófyrirséð ferli sem er háð fjölda utanaðkomandi aðila. Tímaáætlunum ber því að taka með fyrirvara um breytingar. Ólíklegt er að ferlið taki styttri tíma en gert er ráð fyrir í þessu upplýsingaskjali og gera má ráð fyrir að það geti tekið talsvert lengri tíma. Töluleg gögn og aðrar upplýsingar geta jafnframt tekið breytingum eftir því sem tækni og þróun fleytir fram, sérstaklega ef þróun virkjunarhugmyndanna dregst um ár eða áratugi.

Virkjunarhugmyndirnar Brekknaheiði og Sauðanesháls

- Sauðanesháls og Brekknaheiði eru tvær aðliggjandi virkjunarhugmyndir sem hafa aðskildar umsóknir til rammaáætlunar. Gert er ráð fyrir að verkefnaþróun virkjunarhugmyndanna verði unnin samtímis, meðal annars hvað varðar rannsóknir, leyfisveitingar og uppbyggingu. Uppbygging virkjunarhugmyndanna mun þó eiga sér stað í áföngum.

[2] https://www.eimskip.is/frettasafn/frettir/eimskip-semur-um-tvo-ny-skip/

- Virkjunarhugmyndirnar á Sauðaneshálsi og Brekknaheiði bjóða upp á tækifæri til aukinnar orkuöflunar innan Langanesbyggðar, sem er mikilvæg fyrir iðnaðaruppbyggingu og orkuöryggi á svæðinu. Staðsetning verkefnanna var valin með tilliti til samfélags, landslags, náttúru og nálægðar við fyrirhugaðan iðnað í Finnafirði.
- Ef virkjunarhugmyndirnar verða að veruleika getur það aukið líkur á að Langanesbyggð verði tengd við flutningsnet Landsnets, sem myndi bæta orkuflutning inn á svæðið.
- Sauðaneshals og Brekknaheiði eru aðgengilegar lágheiðar sem henta vel til vindorkuframleiðslu. Svæðin eru fjarri friðlýstum svæðum og að undanskildum vötnum og votlendum, eru engin vernduð svæði innan rannsóknarsvæðisins. Hönnun vindorkuvirkjanna mun taka mið af þessum svæðum og miða að því að lágmarka rask. Niðurstöður vindmælinga sýna jafnframt afar góð vindskilyrði til framleiðslu á vindorku.

Samskipti við hagaðila

- wpd tók við þróun verkefnanna í júlí 2022 og hóf vindmælingar á svæðinu með Sodar-vindmælitæki í október 2022.
- Vorið 2023 óskaði sveitarstjórn Langanesbyggðar eftir því að hægt yrði á þróun virkjunarhugmyndanna og varð wpd við þeirri ósk. Þróun verkefnanna hófst aftur vorið 2024.
- wpd hefur átt í reglulegum samskiptum við sveitarstjórn Langanesbyggðar og landeigendur á svæðinu og hélt einnig opna íbúafundi í Langanesbyggð í október 2024 og janúar 2026.
- Sveitarstjórn fór á eigin vegum til Finnlands árið 2024. Þar hittu fulltrúar sveitarstjórnar, ásamt starfsmönnum wpd, finnska samstarfsmenn wpd og kynntu sér vindorkuverkefni fyrirtækisins í Finnlandi ásamt sendiherra Íslands. Skoðuð var virkjun í Pyhäjoki og rætt við landeigendur á svæðinu og sveitarstjóra sveitarfélagsins.

Rannsóknir og leyfisveitingar

- Í janúar 2026 skilaði wpd inn matsáætlun til Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnunar (HMS) og í kjölfarið hófst samráðsferli með sérfræðistofnunum og almenningi. Að því loknu lagði HMS fram álit sem wpd mun taka mið af þegar framkvæmd umhverfismats hefst.
- Þegar aðgengi að landi liggur fyrir er hægt að hefja rannsóknir vegna umhverfismats, en þær rannsóknir munu standa yfir í að minnsta kosti tvö ár. Á meðan umhverfismat stendur yfir mun

wpd sækja um stöðuleyfi fyrir eina eða fleiri fuglaratsjár sem mæla farleiðir fugla á svæðinu í tvö ár.

- Þegar rannsóknum vegna umhverfismats lýkur eru niðurstöður þeirra settar fram í umhverfismatsskýrslu. Umhverfismatsskýrsla er skýrsla sem greinir, lýsir og metur umhverfisáhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar. Niðurstöður skýrslunnar eru birtar í Skipulagsgátt, sem er samráðsgátt um skipulagsmál. Í kjölfarið hefst samráðsferli og að því loknu er umhverfismatið staðfest af HMS.
- Stærri virkjanir falla undir rammaáætlun, sem er áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða. Markmið rammaáætlunar er að leggja heildstætt mat á virkjunarkosti með hliðsjón af meðal annars umhverfis- og samfélagslegum þáttum, hagkvæmni og orkuöflun. Verkefnisstjórn rammaáætlunar leggur mat á virkjunarkosti og gerir tillögu um hvort þeir skuli fara í verndarflokk, biðflokk eða orkunýtingarflokk. Alþingi tekur síðan endanlega ákvörðun um flokkunina. Virkjunarkostur sem er samþykktur í orkunýtingarflokk getur farið áfram í leyfisveitingarferli, að undangengnum frekari rannsóknum og mati eftir því sem við á.
- Ferli rammaáætlunar getur farið fram áður en umhverfismat hefst, samhliða því eða síðar í þróunarferlinu. Að auki þurfa að fara fram vindmælingar með vindmælimastri en það tekur að minnsta kosti tvö ár, hægt er að hefja formlegt leyfisveitingarferli áður en því líkur en það þurfa að vera fyrirliggjandi frumniðurstöður úr bæði umhverfismati og vindmælingum.
- Hafa þarf í huga að undirbúningur fyrir leyfisveitingarferlið sjálft hefst oft samhliða umhverfisrannsóknum og breytingum á deili- og aðalskipulagi, en það ferli getur tekið langan tíma. En beðið er eftir ákvörðun Alþingis um flokkun virkjunarkosts áður en tilskilin leyfir eru veitt fyrir virkjunarframkvæmdum.
- wpd vinnur einnig að undirbúningi fyrir uppbyggingu á vindmælimastri. Vindmælimastrið mælir vind í allt að 100 m hæð og er mikilvægur þáttur í lokauppröðun vindtúrbína. Þessar mælingar eru auk þess mikilvægar fyrir fjármögnun vindorkuvirkjana á Brekknaheiði og Sauðaneshálsi. Samráð hefur verið haft við sveitarstjórn Langanesbyggðar auk þess sem haldinn var íbúafundur þar sem mastrið var kynnt haustið 2024.

Umhverfismat

Framkvæmd umhverfismats tekur um tvö til þrjú ár. Einn lykilþáttur umhverfismatsins er rannsókn á fuglalífi og þurfa fuglarannsóknir að standa yfir í að minnsta kosti tvö ár. Rannsóknirnar geta farið fram samhliða öðrum rannsóknum sem eru hluti af umhverfismatinu.

Eftirfarandi atriði þarf að rannsaka í umhverfismati fyrir virkjunarhugmyndirnar á Sauðaneshálsi og Brekknaheiði. Tekið hefur verið tillit til ábendinga í áliti HMS:

- Vistgerðir og gróður
- Fuglalíf
- Dýralíf
- Jarðminjar
- Vatnshlot
- Landslag og óbyggð víðerni
- Ásýnd, skuggaflökt og myrkurgæði
- Hljóðvist
- Samfélag
- Menningarminjar
- Loftslag
- Flug og flugöryggi

Umhverfisrannsóknirnar verða afar mikilvægar fyrir áframhaldandi þróun og hönnun virkjunarhugmyndanna á Sauðaneshálsi og Brekknaheiði. Lokahönnun virkjananna mun taka mið af niðurstöðum umhverfismats.

Leyfisveitingar

Þegar umhverfismati er lokið og ef virkjunarhugmyndir eru settar í orkunýtingarflokk er sótt um virkjunarleyfi Umhverfis- og orkustofnunar, auk annarra tilskilinna leyfa vegna uppbyggingar og reksturs vindorkuvirkjana.

Framkvæmd virkjanahugmyndanna á Sauðaneshálsi og Brekknaheiði er háð eftirfarandi leyfum:

- Virkjunarleyfi Umhverfis- og orkustofnunar til að reisa og reka raforkuver samkvæmt 4., 5. og 6. gr. raforkulaga nr. 65/2003.
- Framkvæmdaleyfi sveitarfélagsins Langanesbyggðar samkvæmt 14. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
- Byggingarleyfi frá byggingarfulltrúa sveitarfélagsins Langanesbyggðar samkvæmt 9. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010.
- Starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra samkvæmt viðauka við reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.
- Leyfi Minjastofnunar Íslands, ef við á, vegna fornleifa samkvæmt 21. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar.
- Sótt verður um leyfi Vegagerðarinnar vegna tenginga framkvæmdavega við þjóðveg og annarra framkvæmda, teljist þær innan veghelgunarsvæðis.
- Samgöngustofu er einnig heimilt að krefjast þess að vindtúrbínur verði merktar ef þær teljast hættulegar flugumferð, sbr. 150. gr. laga nr. 80/2022.

Í ferlinu er einnig sótt um breytingu á aðalskipulagi Langanesbyggðar.

Tímaáætlun

Tímaáætlun þróunar og uppbyggingar virkjunarhugmyndanna Sauðanesháls og Brekknaheiðar er háð ferlum ýmissa utanaðkomandi aðila, þar á meðal ferli rammaáætlunar og Alþingis, leyfisveitingum og aðlögun aðalskipulags sveitarfélagsins. Því er mikilvægt að hafa í huga að eftirfarandi áætluð tímalína, sem sett er fram til skýringar á ferlinu í heild sinni er háð mikilli óvissu, þar sem uppbyggingu virkjananna getur seinkað umtalsvert í mörgum þessara ferla.

Auk þess að vera sjálfstæðar vindorkuvirkjanir eru virkjunarhugmyndirnar Brekknaheiði og Sauðanesháls háðar uppbyggingu hafnarinnar í Finnafirði og öðrum iðnaðarfjárfestingum á svæðinu. Tímaáætlanir fyrir þessa þætti eru einnig fremur óljósar eins og staðan er í dag. Hefðbundið þróunarferli vindorkuvirkjana spannar yfirleitt að minnsta kosti fimm ár, eða tvö kjörtímabil ríkis- og sveitarstjórnar, og því geta einnig orðið lagabreytingar á ferlinu sem geta stytt eða lengt þróunarferlið.

- Stefnt er að undirritun landleigusamninga fyrir meginhluta verkefnanna árið 2026. Á þeim tímapunkti mun sveitarfélagið byrja að fá árlegar landleigutekjur meðan á þróun verkefnanna stendur. Tekjurnar ráðast af fjölda vindtúrbína sem áætlaðar eru á lóðum viðkomandi landeiganda. Eins og hefur verið lýst hér að ofan má búast við að fjöldi vindtúrbína kunni að breytast í kjölfar niðurstöðu umhverfismats, en fjöldinn getur einnig mótast á undirbúningsstigi og í leyfisveitingarferlinu.
- Hægt væri að setja af stað rannsóknir fyrir umhverfismatið árið 2027 og ljúka öllum nauðsynlegum rannsóknum í fyrsta lagi undir lok árs 2028, eins og áður hefur verið lýst. Umhverfismatsskýrslan verður lögð inn til HMS sem gefur sitt álit á henni. Ef gert er ráð fyrir því að virkjunarhugmyndirnar verði flokkaðar í orkunýtingarflokk árið 2029 gæti skipulagsvinnan í sveitarfélaginu og leyfisveitingarferlið, sem lýst er hér að ofan, farið fram á árunum 2030 og 2031.
- Áður en endanleg ákvörðun um fjárfestingu er tekin þarf að fara í frekari veðurfarsmælingar og -greiningar til að tryggja að endanleg hönnun virkjunarhugmyndanna sé best aðlöguð að aðstæðum á viðkomandi svæði. Mælingarnar munu taka mið af þeirri upprðun sem fæst út frá niðurstöðum umhverfismats, en þær gætu farið fram samhliða leyfisveitingarferlinu á árunum 2029 og 2030.

Framkvæmdin hefst þegar öll tilskilin leyfi liggja fyrir og fjármögnun vindorkuvirkjana hefur verið staðfest. Ef miðað er við að endanleg fjárfestingarákvörðun verði tekin árið 2031 gæti vegagerð og jarðvinna hafist skömmu síðar. Í kjölfarið kæmi lagning strengja og gerð undirstaðna. Það má áætla að sú framkvæmd

verði í gangi að minnsta kosti til ársins 2032. Uppsetning fyrstu vindtúrbínanna gæti þá farið fram sumarið 2033 og orka yrði framleidd í lok þess árs.

Gera má ráð fyrir því að verkefnin verði reist í áföngum í samræmi við aukna orkunotkun við höfnina í Finnafirði, annan iðnað á svæðinu og áætlaða uppsetningu 132 kV loftlínu Landsnets, sem á að tengja höfnina við raforkuflutningskerfið. Hver áfangi á þó með tilliti til hagkvæmni að telja níu vindtúrbínur.

Hönnun virkjunarhugmyndanna á Brekknaheiði og Sauðaneshálsi

Þróun virkjunarhugmyndanna á Brekknaheiði og Sauðaneshálsi er unnin samhliða. Hér á eftir má sjá mögulega uppröðun vindtúrbína miðað við þær þrjár sviðsmyndir sem kynntar hafa verið í þessu upplýsingaskjali.


Mynd 1: Sýnir sviðsmynd A, þar sem virkjunarhugmyndirnar á Brekknaheiði og Sauðaneshálsi eru sýndar saman, með 74 vindtúrbínum í 210 metra heildarhæð.

Mynd 2: Sýnir sviðsmynd B, þar sem virkjunarhugmyndin á Sauðaneshálsi hefur verið dregin saman en virkjunarhugmyndin á Brekknaheiði er óbreytt. Sviðsmyndin gerir ráð fyrir 56 vindtúrbínum í 150 metra heildarhæð.


Mynd 3: Sýnir sviðsmynd C, þar sem virkjunarhugmyndin á Brekknaheiði hefur verið dregin saman. Sviðsmyndin gerir ráð fyrir 24 vindtúrbínum í 180 metra heildarhæð.

Hönnun virkjunarhugmyndanna hefur tekið talsverðum breytingum frá því að wpd tók við þróun þeirra. Skipulag hefur verið aðlagað með tilliti til samfélagslegra þátta í kjölfar samráðs við hagaðila og landeigendur á svæðinu. Hönnunin hefur jafnframt verið aðlöguð með tilliti til votlendis, vatnafars og þekktra fornleifa innan rannsóknarsvæðisins.


Hönnun virkjunarhugmyndanna er enn í þróun og mun taka mið af niðurstöðum frekari rannsókna, þar á meðal umhverfismats, áður en endanleg hönnun liggur fyrir.



Mynd 1: Yfirlitskort fyrir sviðsmynd A – Full nýting á fyrirhuguðum virkjunum á Brekknaheiði og Sauðaneshálsi



Mynd 2: Yfirlitskort fyrir sviðsmynd B – Full nýting á Brekknaheiði og takmörkuð nýting á Sauðaneshálsi



Mynd 3: Yfirlitskort fyrir sviðsmynd C – Takmörkuð nýting á Brekknaheiði

Ávinningur sveitarfélagsins

Markmiðið er að framleiða sem mest af raforku með vindorkuvirkjunum, sem getur skapað bæði tækifæri og fjárhagslegan ávinning fyrir sveitarfélagið.

Í sviðsmynd A, sem sett er fram hér að framan, eru tvær lóðir, Sóleyjarvellir og Staðarsel, í eigu Jarðarsjóðs Langanesbyggðar. Sóleyjarvellir eru einnig hluti af sviðsmyndum B og C. Fyrir liggja drög að landleigusamningum hjá Jarðarsjóði þar sem gert er ráð fyrir tekjum fyrir sveitarfélagið á þróunar-, framkvæmda- og rekstrarstigi verkefnanna.

Neðangreind tafla sýnir kennistærðir sviðsmyndanna og viðmið um leigutekjur til sveitarfélagsins á rekstrartíma. Vert er að nefna að tekjurnar sem þar eru settar fram eru viðmið en ekki endanlegir útreikningar. Ekki er hægt að setja fram endanlega útreikninga fyrr en síðar í ferlinu, þar sem lokafjöldi vindtúrbína liggur ekki fyrir fyrr en eftir umhverfismat.

Heildartekjur sveitarfélagsins eru því háðar fjölda og afli vindtúrbína, þar sem orkuvinnslugetan spilar stóran þátt í útreikningum á tekjum á rekstrartíma. Sveitarfélagið fær einnig tekjur á þróunar- og framkvæmdastigi verkefnanna, en þær tekjur ráðast af fjölda vindtúrbína á lóðum sveitarfélagsins.

Í núverandi skattaumhverfi fasteignagjalda af orkumannvirkjum má jafnframt gera ráð fyrir árlegum fasteignagjöldum. Samkvæmt skýrslu Deloitte, þar sem lagt er mat á fasteignamat og fasteignagjöld vindorkuvirkjana, er viðmið um fasteignagjöld 0,7 m.kr. króna á hvert MW[3]. Þessi útreikningur ræðst þó í raun af rúmmáli vindtúrbína en ekki uppsettu afli þeirra .

Unnið er að breytingum á tekjuskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga, meðal annars með því að fella niður undanþágu orkumannvirkja frá fasteignamati. Ef þær breytingar verða að veruleika gætu fasteignaskattstekjur sveitarfélaga af orkumannvirkjum aukist.

Tafla 1: Kennistærðir fyrir stærri- og minnkaðar sviðsmyndir.

Kennistærðir	Sviðsmynd A	Sviðsmynd B	Sviðsmynd C
Afl hverrar vindtúrbínu	Allt að 7,2 MW	4,26 MW	7 MW
Fjöldi túrbína	74 stk.	56 stk.	24 stk.
Heildarafl virkjananna	Allt að 532,8 MW	238,56 MW	168 MW
Orkuvinnslugeta	Allt að 1.970,5 GWst/ári	990,6 GWst/ári	689,8 GWst/ári
Þvermál á undirstöðum	25-30 m	25-30 m	25-30 m
Hæð vélarhúss	129 m	81 m	98,5 m
Þvermál blaða	162 m	138 m	163 m
Hæð með blöð í efstu stöðu	210 m	150 m	180 m
Leigutekjur yfir líftíma	Um 3.600.000.000 kr.	Um 2.100.000.000 kr.	Um 1.700.000.000 kr.


Hljóðvist

Á mynd 4 má sjá kort sem sýnir reiknað hljóðstig frá virkjunarhugmyndunum í sviðsmynd A við hámarksvinnslu. Á mynd 5 má sjá sams konar kort fyrir sviðsmynd B og á mynd 6 fyrir sviðsmynd C.

[3] Deloitte: Samantekt á áætluðu fasteignamati og fasteignagjöldum vindorkugarða. 11.10.2024: https://samorka.is/wp-content/uploads/2024/10/24-10-08-Samorka-Fasteignaskattar_Loka.pdf


Í núverandi tillögu er reiknað hljóðstig við öll nærliggjandi íbúðarhús undir 35 dB(A), að undanskildu íbúðarhúsi á jörðinni Fell. Það á einungis við um sviðsmynd A, þar sem reiknað hljóðstig við íbúðarhúsið er undir 40 dB(A). Taka skal fram að mannvirkin Hóll og Ássel eru eyðibýli.

Samkvæmt reglugerð nr. 724/2008, 4. gr., um mörk fyrir leyfilegan hávaða frá hvers konar atvinnustarfsemi skal hljóðstig á kyrrlátum svæðum í þéttbýli ekki fara yfir 50 dB(A) og 40 dB(A) í dreifbýli[4].




Mynd 4: Reiknað hjóðstig fyrir sviðsmynd A

[4] https://island.is/reglugerdir/nr/0724-2008



Mynd 5: Reiknað hljóðstig fyrir sviðsmynd B



Mynd 6: Reiknað hljóðstig fyrir sviðsmynd C

Sýnileiki

Sýnileikamyndir voru unnar til að sýna mögulegan sýnileika allra þriggja sviðsmynda frá tveimur staðsetningum á Þórshöfn, annars vegar frá sundlauginni og hins vegar frá Enn1-skálanum. Í töflu 2 eru sýndar fjórar myndir frá hvorum myndatökustað:

- Landslagsmynd án vindtúrbína.
- Sviðsmynd A: Landslagsmynd sem sýnir virkjunarhugmyndirnar Sauðanesháls og Brekknaheiði með 74 vindtúrbínum í 210 metra heildarhæð.
- Sviðsmynd B: Landslagsmynd sem sýnir 56 vindtúrbínur í 150 metra heildarhæð, þar sem virkjunarhugmyndin Sauðanesháls hefur verið dregin saman en Brekknaheiði er óbreytt.
- Sviðsmynd C: Landslagsmynd sem sýnir 24 vindtúrbínur í 180 metra heildarhæð, þar sem virkjunarhugmyndin Brekknaheiði hefur verið dregin saman.

Hér er hlekkur á myndband sem sýnir mögulegan sýnileika af öllum þremur sviðsmyndunum: Hlekkur

Vert er að nefna að sýnileikamyndirnar eru einungis ætlaðar til að sýna hvernig sýnileiki virkjunarhugmyndanna gæti orðið. Uppröðun og fjöldi vindtúrbína kunna að taka breytingum þegar niðurstöður umhverfismats liggja fyrir.

Tafla 2: Sýnileikamyndir sem sýna sviðsmyndir A, B og C af verkefnunum.



Staðsetning 1 - *Ásýnd frá sundlauginni á Þórshöfn*

Landslagsmynd án vindtúrbína

Fjarlægð frá miðju rannsóknarsvæðis: 6,0 km

Staðsetning: 66.2007489°, -15.3361364°

Tími og dagsetning: 08.09.2023 15:20

Myndavél/linsa: Canon EOS R8/Canon 50 mm

Sjónsvið: 90°x18.2°

Stefna: 113°

Hæð yfir jörðu: 1,5 m

Hæð yfir sjávarmáli: 15,7 m





Sviðsmynd A Staðsetning 1 - *Ásýnd frá sundlauginni á Þórshöfn* Fjarlægð frá næstu vindtúrbínu: 4557 m	**Brekknaheiði og Sauðanesháls (74 túrbínur)** Heildarhæð: 210 m l Hæð vélarhúss : 129 m l Þvermál blaða : 162 m



Sviðsmynd B Staðsetning 1 - *Ásýnd frá sundlauginni á Þórshöfn* Fjarlægð frá næstu vindtúrbínu: 5409 m	**Brekknaheiði og Sauðanesháls (56 túrbínur)** Heildarhæð: 150 m l Hæð vélarhúss : 81 m l Þvermál blaða : 138 m



Sviðsmynd C Staðsetning 1 - *Ásýnd frá sundlauginni á Þórshöfn* Fjarlægð frá næstu vindtúrbínu: 7332 m	**Brekknaheiði og Sauðaneshals (24 túrbínur)** Heildarhæð: 180 m l Hæð vélarhúss : 99 m l Þvermál blaða : 163 m



Staðsetning 2 - *Ásýnd frá Enn1 skálanum á Þórshöfn*

Landslagsmynd án vindtúrbína

Fjarlægð frá miðju rannsóknarsvæðis: 6,0 km

Staðsetning: 66.1981992°, -15.3369463°

Tími og dagsetning: 13.06.2024 13:34

Myndavél/linsa: Canon EOS R8/Canon 50 mm

Sjónsvið: 53.5°x18.2°

Stefna: 109°

Hæð frá jörðu: 1,5 m

Hæð yfir sjávarmáli: 5,6 m





Sviðsmynd A Staðsetning 1 - *Ásýnd frá Enn1 skálanum á Þórshöfn* Fjarlægð frá næstu vindtúrbínu: 4570 m	**Brekknaheiði og Sauðanesháls (74 túrbínur)** Heildarhæð: 210 m l Hæð vélarhúss : 129 m l Þvermál blaða : 162 m



Sviðsmynd B Staðsetning 1 - *Ásýnd frá Enn1 skálanun á Þórshöfn* Fjarlægð frá næstu vindtúrbínu: 5294 m	**Brekknaheiði og Sauðaneshals (56 túrbínur)** Heildarhæð: 150 m l Hæð vélarhúss : 81 m l Þvermál blaða : 138 m



Sviðsmynd C Staðsetning 1 - *Ásýnd frá Enn1 skálanun á Þórshöfn* Fjarlægð frá næstu vindtúrbínu: 7232 m	**Brekknaheiði og Sauðanesháls (24 túrbínur)** Heildarhæð: 180 m l Hæð vélarhúss : 99 m l Þvermál blaða : 163 m

Ítarlegri upplýsingar

- Gögn sem hafa verið send inn til Skipulagsstofnunar, nú Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (HMS), má finna á Skipulagsgátt: https://skipulagsgatt.is/issues/2026/1
- Matsáætlun sem lögð var fram í janúar 2026: https://skipulagsgatt.is/files/4d8fe62b-1fe4-4c34-adf8-46bee2d8f113
- Álit HMS á matsáætlun fyrir Brekknaheiði og Sauðanesháls: https://skipulagsgatt.is/files/f86e86f4-7d2b-4cc7-b2ae-d3893137b00a

Hafa samband

Hægt er að hafa samband fyrir frekari upplýsingar á netfanginu info@wpd.is eða í síma: 782-0145